


Hið þögla stríð

Ég heiti Guðlaug Finnsdóttir og er umsjónarkennari í 4. og 5. bekk í Grunnskólanum í Sandgerði. Auk þess er ég verkefnisstjóri Olweusarverkefnisins sem skólinn hefur tekið þátt í frá árinu 2002. Olweusarverkefnið er forvarnarverkefni og er hluti af hefðbundnu skólastarfi og samstarfsverkefni skóla og heimila. Áætlunin fylgir ákveðnum meginreglum og miðar að því að auka vitund allra í umhverfi barna um einelti, bæta félagslegt umhverfi í skólanum og stuðla þannig að auknu öryggi.

Mig langar til að vekja athygli á bók sem ég rakst á nýverið og heitir „Hið þögla stríð, einelti á Íslandi“ eftir Svövu Jónsdóttur. Í bókinni er að finna viðtöl við fólk sem hefur orðið fyrir einelti en einnig eru að finna viðtöl við gerendur, aðstandendur og fagfólk sem styður við bakið á þeim sem vilja vinna sig úr þeirri miklu vanlíðan sem einelti getur valdið. Meðal þeirra sem veittu viðtal við gerð þessarar bókar eru þekktir Íslendingar eins og Páll Óskar, Davíð Þór Jónsson og Steinn Ármann Magnússon sem ýmist voru þolendur og/eða gerendur. Einnig eru viðtöl við fyrrverandi umboðsmann barna, Þórhildi Líndal, Jónu Hrönn Bolladóttur, miðborgarprest, Þorlák Helgason,



verkefnisstjóra Olweusarverkefnisins á landsvísu og fleira fagfólk sem unnið hefur með og í kringum börn. Í lok bókarinnar er að finna efni sem tekið er af heimasíðu Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra www.heimilioskoli.is sem vert er að minna en þar er að finna ýmislegt hagnýtt efni fyrir foreldra um ótalmargt er tengist skólagöngu barna m.a. einelti.

Í bókinni er reynt að varpa ljósi á það hvernig barni eða fullorðnum líði sem fær kuldalegar athugasemdir á hverjum degi frá skólafélaga eða samstarfsfólki, hvernig þeim líður sem meiða og/eða græta aðra, hvað ræður því hver er lagður í einelti, hvers vegna fólk sameinast í þögult bandalag gagnvart öðrum og hvers vegna þolendur standa ekki upp og berjast. Hið þögla stríð er byggð á einlægri frásögn þolenda og gerenda eineltis og er vissuleg opinberun fyrir marga. Í bókinni koma margir fram undir nafni og tjá sig um erfiða reynslu sem það hefur gengið í gegnum.

Bókin var gefin út af Sölku útgáfu árið 2003 og fékk ég hana í forlaginu á 900 kr. (einnig veit ég að hægt er að panta hana á netinu fyrir sömu upphæð).

Skólinn einn og sér mun aldrei geta tekið á þeirri vanlíðan sem fylgir því að vera lagður í einelti eða stuðlað að uppbyggingu samfélags þar sem einelti er ekki samþykkt. Mikilvægt er að heimilin og samfélagið allt leggi einnig sitt af mörkum og vill starfsfólk Grunnskólans í Sandgerði eiga gott samstarf við sitt nánasta umhverfi og þá sem samfélagið móta.

Einelti er vandamál sem krefst samvinnu allra þessara aðila ef árangur á að nást.



Með bestu kveðju

Guðlaug Finnsdóttir

Verkefnisstjóri Olweusarverkefnisins í Grunnskólanum í Sandgerði